

1861. 31. október. frumvarpið fyrir næstkomanda fjárhagsár, 96.—98. bls., skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið það, sem með þarf í því efni, að stjórnarráðinu ekki þykir ástæða til að kaupa af mönnum þá hluti, er vert kynni vera að senda til gripasýningarinnar sem sýnishorn þess, hvað fram er leitt á Íslandi af náttúrunni og með mannahöndum, en þar á móti er stjórnarráðið fúst á að greiða fyrir þeim, er sjálfir vilja senda þangað hluti, með því að veita þeim styrk til að standast kostnað þann, er af því leiðir, einkum flutningskostnað þangað, sem gripasýningin fer fram, og þaðan aptur, ábyrgðargjald m. m., og er yður þess vegna, herra stiptamtmaður, hér með veitt vald til að verja í þessu skyni allt að 500 rdl. af fè því, sem til er fært í fjárlögunum í 9. gr. G. c.

Seinna vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörið í þessu efni.

1. nóvemb. 78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til héraðslækna fyrir bólu-setning¹.

Eptir tilhlutun stjórnardeildar þeirrar, er hefir á hendi rannsókn reikninga í konungsríkinu, hefir dómsmálastjórnin íhugað, hvort héraðslæknar á Íslandi eigi heimting á sömu borgun, sem veitt er þeim mönnum, sem eru settir til að vera bólusetjarar þar á landi, en það eru 12 skildingar fyrir hvern þann, er þeir setja bóluna og hún kemur út á.

Í þessu efni sè yður kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því, að héraðslæknar á Íslandi aðeins eiga heimting á borgun þeirri, sem að ofan er getið, þegar yfirvöldin hafa falið þeim á hendur að setja bólu, annaðhvort eptir beiðni þeirra, sem eru skipaðir bólusetjarar, eður af öðrum sérstaklegum ástæðum.

1) Sama dag var hinum amtmönnum á Íslandi ritað um sama efni.